

Mál nr. 247/2010

M

og

vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar verslunareiganda.

Kona féll á gangstétt við verslun þann 8.12.2009.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 23.8.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 8.9.2010, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M kveðst hafa verið stödd við verslun V er hún datt og brotnaði á vinstri úlnlið. Í málskoti segir að stétt við verslunarhúsið hafi ekki verið upphituð né heldur söltuð. Þá segir ennfreður að fljúgandi hálka hafi verið á planinu.

Þá má ráða af gögnum málsins að M hafi krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá vátryggingafélaginu X með tjónstilkynningu, dags. 13.1.2010. X hefur á hinn bóginn hafnað bótaskyldu.

Álit.

Mál þetta er mjög illa upplýst. Þannig liggur m.a. ekkert fyrir um það með nákvæmum hætti hver hafi verið tildrög þess að M datt, hvar við verslunina það gerðist eða hvenær dags. Þá verður heldur ekkert ráðið að aðstæður hafi verið með þeim hætti að starfsmenn V hafi átt og getað gripið til einhverra ráðstafana sem komið hefðu í veg fyrir slysið. Við svo búið er ósannað að slysið verði rakið til atvika sem V beri ábyrgð á. Af þeirri ástæðu fæst tjónið ekki bætt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist ekki.

Reykjavík, 5. október 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.